

Fundargerð

201. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 14. júní 2018 kl. 13.30 á Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð

2. Ráðning sviðsstjóra matvælasviðs

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti umsóknir sem bárust um stöðu sviðsstjóra matvælasvið og skýrði frá viðtölum framkvæmdastjóra og formanns við tvo umsækjendur. Steinn Oddgeir Sigurjónsson var ráðinn sem sviðsstjóri matvælasviðs og mun hann hefja störf í lok ágústmánaðar. Heilbrigðisnefnd býður Oddgeir velkomin til starfa og þakkar öðrum umsækjendum þann áhuga sem þeir sýndu með því að sækja um starfið.

3. Umhverfisátak í Akureyrarbæ

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá átaki Akureyrarbæjar og heilbrigðiseftirlits sem snýr að því að fjarlægja númerslaus farartæki og ýmisskonar lausadót viðsvegar um bæinn. Akureyrarbær hefur aukið geymslurými (45 daga geymsla í læstu porti) vegna þessa átaks og nú þegar hefur átakið skilað góðum árangri og málum verður fylgt eftir fram á haust. Þá er fyrirhugað að knýja á um enn frekari hreinsunaraðgerðir og uppsetningu taðþróa (eða haughúsa) í hesthúsahverfum að höfðu samráði við skipulags- og byggingafulltrúa. Samþykkt var að uppsetningu taðþróa (eða haughúsa) verði lokið þann 1. jan. 2019, eftir þann tíma má búast við að beitt verði dagsektum.

4. Kvörtun vegna ólyktar frá heitloftspurrkun á Dalvík

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá skriflegri kvörtun sem hefur borist frá nágretta vegna heitloftspurrkunar á Dalvík. Viðkomandi fyrirtæki er með ákveðnar úrbætur í ferli til þess að lágmarka lyktarmengun og er heilbrigðisfulltrúa falið að fylgjast með árangri úrbóta og að upplýsa viðkomandi nágretta um þær úrbætur. Ákveðnar vonir eru bundnar um aukinn árangur með betri kælingu hráefnis og hraðara þurrkferli og einnig er til skoðunar ný tegund af mengunarvarnabúnaði (šbiofilterö).

5. Kröfugerð stéttarfélags f.h. félagsmanns

Starfsmenn viku af fundi á meðan heilbrigðisnefnd fjallaði um kröfugerð ónefnds stéttarfélags f.h. félagsmanns. Eftirfarandi var fært til bókar:

šHeilbrigðisnefnd tók málið til umfjöllunar, staða mála var kynnt og ákveðið að vísa málinu til mannauðsstjóra Akureyrarbæjar.ð

Umsagnir:

1. **Skipulags- og matslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæði 13 við Núpsmýri í Öxarfirði, Norðurþingi**
Porkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn.

2. **Tillaga að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar smávirkjunar við Drekgil.**

Porkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn.

3. **9,8 MW Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, Þingeyjarsveit. Tillaga að matsáætlun**

Porkell Björnsson kynnti jákvæða umsögn um kynninguna sem slíka; ekki er ekki gerð athugasemd á þessu stigi.

4. **Umsögn til Skipulagsstofnunar v/áforma um að reisa stólalýftu í Hlíðarfjalli.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

5. **Umsögn til skipulagssviðs Akureyrarbæjar v/deiliskipulagslýsingar Grímseyjar**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

6. **Umsögn til skipulagssviðs Akureyrarbæjar v/deiliskipulagstillögu 3. áfanga Hálanda**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

7. **Umsögn v/skipulags- og matslýsingu v/vinnu við breytingar á svæðisskipulagi Eyjafjarðar; viðfangsefnið er Blöndulína 3 og Hólasandslína 3**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Freydís Anna Arngrímsdóttir, kt. 160464-6429, Hömrum Þingeyjarsveit. Fl II. Gististaður án veitinga. Hamrar farm apartment. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Stephen J. Whihing kt. 200382-3079, Lokal Bistro, veitingastaður Hafnarstétt 1 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Nestorfan ehf, kt. 490703-3570 Veiðiheimilið Árnesi, 641 Húsavík. Fl III. Gististaður með veitingum þó ekki áfengisveitingum. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Veiðifélag Laxár og Krákár, kt. 470873-0199, Rauðhólum Laxárdal. Gististaður Fl. IV. Gististaður með áfengisveitingum. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Bílaklúbbur Akureyrar, kt. 660280-0149, Hlíðarfjallsvegur 13, 600 Akureyri, fyrir šRekstur á tjaldsvæði innan svæðis Bílaklúbbs Akureyrarö, Hlíðarfjallsvegi 13, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Ólafur P. Agnarsson kt. 041070-5529, Karlsbraut 24, 620 Dalvík, sækir um meindýraeyðingu og garðaúðun undir nafninu š Meindýravarnir Norðurlandsö. **Samþykkt til 12 ára.**

7. Efling sjúkrahjálfun ehf kt. 5912-95-2689, Hafnarstræti 37, 600 Akureyri, sækir um endurnýjun á fyrra starfsleyfi og aukningu á meðferðarrýmum á 4. hæð sem felast í þremur meðferðarrýmum, rúmgóðum æfingarsal og teygjurými. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Syðri-Varðgjá ehf kt. 420508-0420, útleiga á íbúð að Syðri-Varðgjá, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Ágústa Fanney Snorradóttir kt. 140487-2879, útleiga á íbúð, Hafnarstræti 100 (íbúð nr. 203); šDowntown North Apartmentö. **Samþykkt til 12 ára.**
10. B&B Sólheimar ehf, kt. 541015-3450, gistiþjónusta að Sólheimum 9, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Föðurhús ehf kt. 570418-0680, gistiþjónusta að Hafnarstræti 104, 600 Akureyri; šApotek Guesthouseö. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Old fram ehf kt. 550416-0930, gistiþjónusta í Íslandsbænum, Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Fallorka ehf kt. 600302-4180, umsókn um starfsleyfi fyrir Glerárvirkjun II (3,5 MW), stöðvarhús, Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Fallorka ehf kt. 600302-4180, umsókn um starfsleyfi fyrir Glerárvirkjun II, (3,5 MW), stíflumannvirki og fallpípa, Glerárdal, Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Silva hráfæði ehf, kt. 681211-1360, umsókn um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu og veitingar fyrir næturgesti, Syðra-Laugalandi efra, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
16. R5 bar ehf kt. 690518-0580, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna eigendaskipta, Ráðhústorgi 5, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Gæðabakstur/Brauðgerð Kr. Jónssonar kt. 550595-2499, Hrísalundi, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna eigendaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
18. Norðlenska ehf kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir brennsluofn fyrir allt að 120 tonna brennslu á ári í áhættuflokkum 1 og 2. **Samþykkt til 12 mánaða, starfsleyfi og skilyrði eru feld inn í núgildandi starfsleyfi fyrir sláturhús og kjötvinnslu.**
19. GV Gröfur ehf, kt. 500795-2479, Frostagötu 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur verkstæðis fyrir eigin vélar og bíla, þess utan öll almenn jarðvinna, gatnagerð og lagnir, veituframkvæmdir, þjónusta við byggingaaðila á sviði jarðavinnu, námuvinnsla, efnisvinnsla, flutningur jarðefna, rif mannvirkja og flutningur og förgun úrgangs. **Samþykkt til 12 ára.**
20. GV Gröfur ehf, kt. 500795-2479, Frostagötu 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir grjótnám og efnisvinnslu í landi Sigluvíkur á Svalbarðsströnd. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá jákvæðri lokaúttekt vegna baðstaðar í náttúrunni í flokki 2 á Hauganesi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.05

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Benedikt Kristjánsson

Kristín Halldórsdóttir